

A formal meeting room with a podium, flags, and rows of chairs. The room is dimly lit, with light streaming in from large windows on the left. The podium is a golden-brown color with a circular emblem on the front. Behind the podium are several flags, including the Icelandic national flag. In the foreground, there are several rows of red upholstered chairs with wooden frames, arranged in a semi-circle facing the podium. The floor is dark and polished, reflecting the light from the windows.

Upplýsingafundur rektors

21. september 2022

Jón Atli Benediktsson, rektor

Nýliðnir viðburðir







Nýtt háskólaráð HÍ 2022-2024

Skipan háskólaráðs HÍ 2022-2024

- **Jón Atli Benediktsson**, rektor, forseti
- **Arnar Þór Másson**, ráðgjafi og formaður stjórnar Marel hf., fulltrúi tilnefndur af háskólaráði
- **Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir**, læknanemi, fulltrúi tilnefndur af nemendum
- **Davíð Þorláksson**, lögfræðingur og MBA, framkvæmdastjóri, fulltrúi tilnefndur af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
- **Hólmfríður Garðarsdóttir**, prófessor við Mála- og menningardeild á Hugvísindasviði, fulltrúi tilnefndur af háskólaþingi
- **Katrín Atladóttir**, verkfræðingur og vörustjóri hjá Dohop, fulltrúi tilnefndur af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



- 
- A group of ten people, five men and five women, are standing in a line in front of large windows. They are dressed in professional attire. The background shows a modern building interior with large windows and a wooden floor.
- **Katrín Björk Kristjánsdóttir**, félagsráðgjafarnemi, fulltrúi tilnefndur af nemendum
 - **Ólafur Pétur Pálsson**, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, fulltrúi tilnefndur af háskólaþingi
 - **Silja Bára R. Ómarsdóttir**, prófessor við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði, fulltrúi tilnefndur af háskólaþingi
 - **Vilborg Einarsdóttir**, framkvæmdastjóri Bravo Earth, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði
 - **Þorvaldur Ingvarsson**, læknir og sjálfstætt starfandi sérfræðingur, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði



Heimsókn Edith Heard, framkvæmdastjóra European Molecular Biology Laboratory (EMBL) 15. ágúst



Frændafundur, samstarfsráðstefna HÍ og Fróðskaparseturs Færeyja, 16.-18. ágúst



Heimsókn forseta Eystrasaltsríkjanna 26. ágúst í tilefni af rúmlega 30 ára endurnýjuðu stjórnmálasambandi

Fyrirlestur forseta Íslands





**Fyrirlestur Meenakashi Lekhi,
varautanríkisráðherra Indlands 19. ágúst**







**Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness afhent
úkraínska rithöfundinum Andrej Kurkov 23. ágúst**



**Kennslumisseriesið fer vel af stað –
tekið á móti nemendum**



Úthlutun 40 styrkja úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta HÍ 29. ágúst

Umsóknir um nám og fjöldi nemenda

- Fjöldi umsókna var stöðugur á árunum 2015-2018 en jókst töluvert 2019-2020 og hefur heldur fækkað 2021-2022
- Mikla aukningu árið 2020 má að nokkru leyti rekja til áhrifa COVID-19 faraldursins
- Ekki allar umsóknir skila sér í innritun, reynslan kennir að u.þ.b. 60-70% umsækjenda hefja nám
- Heildarfjöldi nemenda er hátt í 14.000

Fjármál – frumvarp til fjárlaga 2023 (m.kr.)

Breytingar á grunni:

Breytingar á reiknilíkani háskóla	-19,4
Almennt útgjaldasvigrúm frestast í 1-2 ár*	-250,0
Aðhaldskrafa	- 178,0
	<hr/>
	-447,4
Launa- og verðlagsbætur	688,3
Bein framlög úr ríkissjóði, nettóbreyting	240,9
<i>Fjárfestingaframlag 601 Tæki og búnaður – vegna afskrifta</i>	38,0
Háskóli Íslands alls, nettó breyting	278,9

* Þessari færsla upp á -250 m.kr. verður leiðrétt við 2. umræðu

Fjármál – önnur atriði

- Verð reikniflokka hækkar um 2,3–2,4 % á milli ára
- Ársnemunum við HÍ fækkar um 71 frá fjárlögum 2022
- Framlag til Raunvísindastofnunar hækkar um 15 m.kr. eða 2,5%
- Um 2% lækkun á framlögum í samkeppnissjóði á sviði rannsókna

Fjármál –breytingar á beinum fjárframlögum til einstakra háskóla á milli ára

21.10 Háskólar

Greitt úr ríkissj.

21.10 Háskólar	Fjárlög 2022	Frumvarp 2023	Breyting m.kr.	Breyting %
Háskóli Íslands alls	21.650,0	21.929,4	279,4	1,3%
HÍ rekstur (án byggingaframkv. og tækjakaupa)	21.236,0	21.477,1	241,1	1,1%
Háskólinn á Akureyri	3.439,0	3.502,9	63,9	1,9%
Landbúnaðarháskóli Íslands	1.347,0	1.207,6	-139,4	-10,3%
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	586,0	602,6	16,6	2,8%
Háskólinn á Bifröst	685,0	703,7	18,7	2,7%
Háskólinn í Reykjavík	4.507,0	4.633,3	126,3	2,8%
Listaháskóli Íslands	1.586,0	1.630,6	44,6	2,8%
Samtals:	33.800,0	34.210,1	410,1	1,2%

Nýr samstarfssjóður háskóla

- Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur sett á laggirnar 2 ma.kr. sjóð sem ætlað er að ýta undir samstarf, nýsköpun og framfarir á háskólastiginu
- Auglýst verður eftir umsóknum á næstu vikum og allt að 1 ma.kr. úthlutað 2022 og sambærilegri fjárhæð 2023
- Við úthlutun verður horft m.a. til samstarfs um:
 - nám og kennslu á meistara- og doktorsstigi
 - sameiginlega innritunargátt
 - stjórnsýslu og stoðþjónustu
 - nýtingu rannsóknainnviða
 - fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum og menntavísindum
 - aukna áherslu á STEAM-greinar (vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði)
 - aukið framboð fjarnáms
 - fjölgun erlendra stúdenta, m.a. með auknu framboði námsleiða á ensku
 - eflingu íslensku og máltækni
- Háskólarnir hafi frumkvæði að greiningu á samstarfsmöguleikum, auk þess sem sjóðurinn á að stuðla að einföldum stofnanakerfisins



Sameiginleg störf á Menntavísindasviði og öðrum fræðasviðum

- Markmiðið er að efla samstarf innan Háskóla Íslands á grundvelli stefnu skólans, HÍ26, með því að þróa sameiginleg störf meðal fræðasviða og deilda
- Efla kennaramenntun, ekki síst faggreinakennslu, með þéttara samstarfi á milli MVS og annarra fræðasviða og deilda
- Starfshópur undir stjórn Ólafs Péturs Pálssonar, prófessors, hefur kortlagt núverandi samstarf, lagt til rökstudda tillögu um möguleg sameiginleg störf, forgangsriðun ráðninga, fyrirkomulag starfanna o.fl.



Sameiginleg störf á Menntavísindasviði og öðrum fræðasviðum

- Tillaga starfshópsins:
 - Auglýst verði og ráðið í 1-2 störf á hverju fræðasviði í haust
 - Næstu störf verði auglýst í upphafi 2023
 - Vandað verður sérstaklega til móttöku og utanumhalds þessa starfsfólks
- Staða mála:
 - Ráðið hefur verið í starf á sviði félagsfræði menntunar
 - Störf í dómnefndarferli: Guðfræði og trúarbragðafræði, stærðfræði og stærðfræðimenntun, íslenska sem annað mál
 - Verið er að vinna í auglýsingum vegna 4-5 starfa til viðbótar

IRIS – nýtt upplýsingakerfi rannsókna

- Kerfið var tekið í notkun í júní sl. (<https://iris.rais.is/>)
- Þar er að finna upplýsingar um 1.600 rannsakendur við HÍ
- Unnið er að skráningu vísindagreina úr Scopus
- Um 21 þús. greinar rannsakenda við HÍ eru nú þegar skráðar
- Verkið er í vinnslu og IRIS verður kynnt í öllum deildum á haustmisseri og boðið upp á þjálfun í notkun þess



Betri háskóli

betra samfélag

STEFNA 2021-2026




- Akkerisfundur 2022
- Stúdentar og HÍ26
- Ítarlegar kynningar á innri og ytri vef HÍ

The background of the image shows a group of students sitting in a lecture hall. In the foreground, a young woman with long dark hair, wearing a blue graduation gown, is smiling and looking towards the right. Behind her, three other students are visible but out of focus: a man in a striped shirt, a woman in a yellow gown with a blue sash, and another woman in a black gown. The room has wood-paneled walls and framed pictures.

Akkerisfundur 2022











Samráðsfundur allra helstu stjórnenda skólans

- Fór fram 17. maí 2022 í Veröld og í streymi
- Markmiðið að gera grein fyrir árangri innleiðingar undangengið ár og leggja drög að áherslum árið 2023
- Um 140 stjórnendur skólans, háskólaráð, starfsfólk og fulltrúar stúdenta
- Gefið var yfirlit yfir stöðu verkefnastofna, innleiðingar á fræðasviðum, sýn nemenda og tekið samtal um forgangsráðgjafi næsta innleiðingarárs
- Á næstu glærum má finna yfirlit yfir stöðu innleiðingar verkefnastofnanna 10 skv. rafrænu stefnubókhalda sem hefur verið innleitt, ásamt mati fundarfólks á áherslum næsta árs




Mælaborð verkefnastofna – staða um mitt ár 2022


Samskonar mælaborð eru til staðar fyrir stefnuverkefni hvers fræðasviðs



Forgangsröðun áherslna:
Hvaða stefnuáhersla á
einkum að vera í
forgangi á næsta ári?
(N=77)



Forgangsröðun markmiða fyrir hverja áherslu: Hvert þessara markmiða er mikilvægast að ná árangri með á næsta ári?





Stúdentar og HÍ26



Aðkoma og hagsmunir stúdenta

- Virk aðkoma stúdenta að mótun stefnunnar afar mikilvæg
- Í sumar vann Isabel Alejandra Díaz, fv. forseti Stúdentaráðs, að því að styðja við framgang áherslumála stúdenta í HÍ26
- Markmiðið er að kortleggja áherslumál stúdenta í HÍ26 og tryggja þátttöku þeirra í innleiðingu

HÍ26 – Áherslumál stúdenta

OPINN OG ALPJÓÐLEGUR

- Þverfaglegt nám
- Námsleiðir með erlendum háskólum
- Skiptinám
- Nýsköpunarumhverfi nemenda
- Starfshæfni nemenda
- Símenntun

SJÁLFBÆRNI OG FJÖLBREYTileiki

- Nám í sjálfbærni
- Kolefnishlutlaus og sjálfbær rekstur
- Jafnrétti og fjölbreytileiki nemendahópsins
- Nemendur af erlendum uppruna

AFL Á GRUNNI GÆÐA

- Stafræn umbreyting þjónustu
- Þjónusta hönnuð út frá þörfum nemenda
- Stafrænir kennsluhættir, fjarnám og opið netnám
- Námsframboð á meistarastigi
- Umgjörð og fjármögnun doktorsnáms

GÓÐUR VINNUSTAÐUR

- Hvetjandi umhverfi og vellíðan
- Aðstaða og innviðir kennslu
- Háskólasvæðið í anda algildrar hönnunar
- Vistvænar samgöngur og grænar tengingar



Tillögur til úrbóta

- Koma á greiðum samskiptaleiðum milli stúdenta, ábyrgðaraðila HÍ26 og stefnufulltrúa fræðasviða
- Finna tillögum stúdenta farveg
- Meðhöndlun verkefna gagnsærri og skilvirkari
- Samráðsfundir milli yfirstjórnar og Stúdentaráðs ásamt nemenda- og hagsmunafélögum

→ Halda stúdentum upplýstum

Alþjóðlegt samstarf



Aurora samstarfið – staða mála og næstu skref



Aurora háskólarnir

1. Háskóli Íslands
2. VU Amsterdam
3. University of East Anglia
4. Copenhagen Business School
5. University Duisburg-Essen
6. Palacký University Olomouc
7. University of Innsbruck
8. University of Rovira i Virgili
9. University of Naples Federico II
10. University Paris-Est Créteil



Sameiginlegt nám í þróun

- Undirbúningur **sameiginlegrar meistaragráðu á sviði stafræns samfélags** kominn vel af stað
 - Sex Aurora-háskólar taka þátt og stefnt að inntöku fyrstu nemenda 2024-2025
 - Jaap Gordijn frá VU leiðir verkefnið og heimsótti HÍ í byrjun september
 - Vinnustofa akademískra starfsmanna í Vín 22.-23. september
- Ný **sameiginleg Aurora-námskeið um málefni Evrópu** standa öllum nemendum til boða
 - Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði, leiðir verkefnið

Aurora sumarskólar


- Í sumar voru haldnir Aurora-sumarskólar víðsvegar um Evrópu og tóku um 10 nemendur frá HÍ þátt
 - CBS bauð upp á námskeið í samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlafræðum
 - Innsbruck skipulagði ráðstefnu og þjálfun fyrir doktorsnema
 - Palacký hélt námskeið um málefni flóttafólks í samstarfi við Karazin háskóla í Úkraínu
 - Napólí Federico II bauð upp á námskeið um evrópsk umhverfisskattamál

Aurora sumarskólar

- Á Íslandi voru haldnir tveir Aurora-sumarskólar sem mikil aðsókn var í frá samstarfskólunum:
 - Líf- og umhverfisvísindadeild skipulagði námskeið á Seyðisfirði þar sem nemendur fengu verklega þjálfun í notkun fjölbreyttrar tækni til að meta og bregðast við náttúruvá
 - Doktorsskóli Menntavísindasviðs skipulagði námskeiðið *Þróun lykilfærni í gegnum tölvuleiki* fyrir doktorsnema til að efla sveigjanlegan skilning, liðsstjórnun og ákvörðunarfærni. 43 doktorsnemar tóku þátt
 - Sumarskólarnir voru skipulagðir í samstarfi við aðra Aurora-háskóla og hlutu styrk til að standa straum af kostnaði við framkvæmd þeirra

Tækifæri fyrir nemendur

- Nemendum býðst að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem „**Aurora Student Champions**“ eða „**Ambassadors**“
- Þátttakendum er einnig boðið upp á stað-og fjarnámskeið sem miða að því að efla sjálfstraust og almenna færni
- Nemendur geta sótt um styrki til að taka þátt í námskeiðum og Aurora-ráðstefnum erlendis
- Alma Ágústsdóttir, forseti Aurora-stúdentaráðsins, veitir nánari upplýsingar: internationalcommittee@hi.is

- 
- 20.-22. september fer fram vinnustofa í HÍ þar sem um 20 kennslusérfræðingar Aurora-háskólana koma saman
 - Markmið vinnustofunnar er að þróa kynningarefni og stuðning við kennara sem vilja kenna í anda Aurora með því að tileinka sér kennsluhætti sem efla samfélagsleg áhrif náms

Vinnustofa kennslusérfræðinga

Ný umsókn um fjármögnun til ESB

- Aurora sækir um áframhaldandi fjármögnun frá ESB vorið 2023. Stefnt er að því að fá rúmar 14 milljónir evra til 4 ára
- Undirbúningur er hafinn og felst m.a. í forgangsriðun nýrra verkefna
- Verkefnisstjórar háskólanna komu saman á vinnufundi í CBS 6.-7. september og gekk fundurinn afar vel


Aurora „Virtual Campus“

- Þið eruð hvött til að heimsækja heimasíðu Aurora og sjá þar auglýsingar um námskeið og viðburði á döfinni – Aurora hefur upp á eitthvað að bjóða fyrir alla!
- aurora-universities.eu

Vaxandi samstarf

- Universit  Paris-Est Cr teil (UPEC)   Par s er n r samstarfsk li Aurora
- Starfsf lk UPEC l k lykilhlutverk   undirb ningi  ttt ku Aurora   r  stefnu   vegum franskra yfirvalda   lok j n  sem fjalla i um *European Universities Initiative*

Viljayfirlýsing um að University of Minnesota fyrsti formlegi samstarfsskóli Aurora utan Evrópu



1982-2022

MINNESOTA-ICELAND 40TH ANNIVERSARY CELEBRATION

September 15, 2022 // 3-4 p.m. // Lindahl Founders Room, Northrop Auditorium

PROGRAM

Welcome and History of the Partnership

Meredith McQuaid

Associate Vice President and Dean of International Programs, University of Minnesota

Remarks

Joan Gabel

President of the University of Minnesota

Jón Alli Benediktsson

Rector of the University of Iceland

Daniel Haataja

Vai Björnson Scholar '98-'99

Jónína Kárdal

Vai Björnson Scholar '97 and University of Minnesota Alumni Chapter in Iceland

Video: 40 Years of Collaboration and Connection

Produced by the University of Iceland

Renewing of the Agreement

President Gabel and Rector Benediktsson

Celebratory Toast and Reception



UNIVERSITY OF MINNESOTA



UNIVERSITY
OF ICELAND



Samstarf við University of Minnesota

- University of Minnesota er elsti samstarfsháskóli HÍ
- Háskólarnir hafa unnið saman í 40 ár, m.a. við starfsmanna- og stúdentaskipti
- Samstarfið er afar fjölþætt
- Minnesota-háskóli er stofnaður 1851 og stunda þar rösklega 60 þús. nemendur nám
- Alhliða rannsóknaháskóli í 86. sæti á matslista Times Higher Education



HÍ





Húsnæðismál

Vatnstjón – staða viðgerða

Háskólatorg

- Kennsla hafin í öllum stofum á Háskólatorgi
- Áfram unnið af kappi að viðgerðum
- Unnið að viðgerðum á lóð utan við Háskólatorg

Gimli

- Verið að ljúka við að fjarlægja skemmt efni í Gimli
- Dúklagning hafin í skrifstofum Félagsvísindasviðs
- Stefnt að því að klára skrifstofur í lok október
- Verið er að tengja nýja loftræssisamstæðu
- Tölvuver á Háskólatorgi verður flutt niður í Gimli

Saga – staða mála og næstu skref





Saga – utanhússframkvæmdir ganga vel

- Búið er að steypa undir glugga á 7. hæð
- Búið að mála austurgafli á norðurbyggingu og suðurhlið austan við suðurálmu
- Verið er að slípa suðurgafli suðurálmu, efnistaka álglugga, skipta um tréglugga og gera við þak



Saga – starfsumhverfi

- Unnið er að rýmisáætlun fyrir Menntavísindasvið
- Könnun hefur verið send öllu starfsfólki Menntavísindasviðs, Heilbrigðisvísindasviðs, Upplýsingatæknisviðs, Alþjóðasviðs auk Náms- og starfsráðgjafar og Nemendaskrár
- Markmið að varpa ljósi á starfshætti ólíkra hópa til að geta skipulagt starfsumhverfi sem hentar hverjum hópi
- Unnið er með hollenskum ráðgjöfum, Veldhoen-Company, sem hafa áratuga reynslu í verkefnaþaðri vinnu og ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana
- Útboði innréttinga lýkur á fyrstu mánuðum 2023 og áformað að verkhönnun og framkvæmdir hefjist síðla vetrar eða í vor
- Stefnt er að því að Menntavísindasvið geti flutt inn sumarið 2024



Hús íslenskra fræða

- Áætlað ljúka við innréttingar í desember nk.
- Árnastofnun áformar að
 - flytja bókasafn í febrúar/mars 2023
 - starfsfólk flytji í apríl og
 - handritin verði flutt næsta sumar
- Starfsfólk HÍ flytur inn næsta sumar

Nýtt heilbrigðisvísindahús

- Hönnun stendur yfir
- Áformað að ljúka útboðsgögnum fyrir jarðvinnu í haust
- Möguleg hliðrun á fjárheimild vegna aðhaldskröfu í fjárlagafrumvarpi





Fréttir af fræðasviðunum

Félagsvísindasvið

- Skólasetning 8. september – starfsfólk FVS kom saman og fagnaði endurkomu nemenda og starfsfólks í húsnæði HÍ
- Þjóðarspegillinn verður haldinn 27.-28. október
- Ráðstefnan fær víðara hlutverk með því að ramma inn samtali félagsvísinda við samfélagið
- Unnið skipulega að innleiðingu HÍ26 – verkefnahópar vinna að einstökum verkefnum
- *Farsæld barna* – nýtt nám í félagsráðgjöf. Mikil aðsókn (129 nemendur skráðir) og mætir námið þörfum m.a. vegna nýrra laga um farsæld barna.
- Undirritun samkomulags um samstarf við Hagstofu Íslands 9. september

Heilbrigðisvísindasvið

- Nýr forseti Heilbrigðisvísindasviðs, Unnur Þorsteinsdóttir, tók við starfi 1. júlí
- Lokið verður við að setja fram stefnuágerðir HVS fyrir áherslur HÍ26 í haust
- Unnið að fjölgun brautskráðra lækna, hjúkrunarfæðinga og fleira heilbrigðisstarfsfólks
- Margir rannsóknahópar á Heilbrigðisvísindastofnun vinna að verkefnum tengdum heimsmarkmiðum SP, s.s. um sjálfbært mataræði, nýsköpun í lyfjafræði og stuðning við Afríku
- Tilraun er nú gerð til þess að halda þverfræðilegt netnámskeið á 3. ári í grunnnámi. Í ár sækja 500 nemendur námskeiðið
- Inntökupróf í læknisfræði og sjúkraþjálfun í fyrsta skipti rafræn og gengu mjög vel
- Þúsundasta doktorsvörn við HÍ var við læknadeild í maí

Hugvísindasvið

- Innleiðing HÍ26 á mörgum sviðum er ofarlega á baugi í upphafi misseris
- Áhersla lögð á að finna leiðir til að styðja enn betur við alþjóðlega nemendur
- Í því sambandi verður framhaldsnámskeið fyrir Icelandic Online opnað á degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Ætlað að dýpka orðaforða nemenda í íslensku sem öðru máli og rækta menningarskilning þeirra
- Unnið er að því að þróa staðlað rafrænt stöðuprófi í íslensku sem öðru máli sem nýtist bæði háskólum, stofnunum og atvinnulífi
- Eitt af þeim verkefnum sem hlutu ársfundarverðlaun HÍ á þessu ári var Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista sem er innviðakjarni, rekinn í samstarfi helstu háskóla og stofnana sem fást við hugvísindi og listir og gögn sem tengjast sögu, menningu og tungumálum á Íslandi

Menntavísindasvið

- Gleði og hópefli á Nýnemaviku MVS 22.-26. ágúst – kennsla fór vel af stað
- Skrifum nýja Sögu – þarfagreining og undirbúningur að flutningi á Sögu gengur vel og mun setja mark sitt á starfið í vetur
- Sérstök opnunarmálstofa með ráðherra mennta- og barnamála og ráðherra háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarmála verður haldin 6. október í tilefni af Menntakviku. Samtal við ráðherra um forgangsverkefni ráðuneyta og hlutverk fræðasamfélags
- Unnið er að því í samvinnu við kennslusvið og önnur fræðasvið að nemendur í starfstengdu diplómanámi geti sótt námskeið af fjölbreyttum námsleiðum.
- Nýsköpun og menntasamfélag – ný starfseining á MVS sem sinnir og leiðir nýsköpun, kennsluþróun og starfsþróun á sviði menntunar

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

- 50. ráðstefna NORDTEK í Grósku 9. júní. Tæplega 100 gestir frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum sóttu ráðstefnuna sem bar yfirskriftina „Verkfræði í ofurtengdum heimi“
- Ólympíuliðin í eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði æfðu af kappi í sumar í húsakynnum HÍ
- VoN hélt móttöku fyrir nýnema á sviðinu dagana 18.-19. ágúst
- NORNDiP 2022 – 4. ráðstefnan um fjölbreytni í Eðlisfræði haldin í Veröld dagana 18.-19. ágúst
- Stelpur Diffra: Sumarbúðir í stærðfræði haldnar í annað sinn í HÍ 8.-12 ágúst undir styrki stjórn Nönnu Kristjánsdóttur, BS-nema í stærðfræði
- 20. september var haldinn meistaradagur náttúruvísinda í Öskju

Fram undan



ÁRSHÁTÍÐ STARFSFÓLKS HÍ

23.09.22

SILFURBERG | HARPA

PÁLL ÓSKAR

RAGNHILDUR

BJÖRN

STEINUNN THORODDSEN

VALDIMAR ÁSAMT ÁSGEIRI
ADALSTEINSSYNI

OG RAKEL SIGURDARDÓTTUR



Vígdísarverðlaunin veitt í fjórða sinn 5. október

Ráðstefna um samfélagsleg áhrif rannsókna

- Hugarflugsráðstefna um samfélagsleg áhrif rannsókna við HÍ 11. október kl. 13-16
- Í tengslum við ráðstefnuna: Söfnun „póstkorta“ um rannsóknir og samfélagsleg áhrif þeirra
- Liður í þróun stefnu HÍ26 um rannsóknir og gildi þeirra
- Dagskrá og skilahólf fyrir póstkort: <https://sar.hi.is/>

Hinir vinsælu Háskólatónleikar hefja göngu sína að nýju í október



A woman with long blonde hair, wearing a light blue surgical mask and a bright yellow, long-sleeved gown, is shown in profile from the waist up. She is holding a white diploma with both hands. To her right, a man in a dark suit and light blue surgical mask is also holding the diploma. The background is a dimly lit indoor space with a white pillar and some greenery.

Afhending prófskírteina í Háskólabíói 21. október

